

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 123/2021**

**frá 19. mars 2021**

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/255 frá 18. febrúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. febrúar 2021 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem innihalda upplýsingarnar sem um getur í a-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Viðauka XIII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66he (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1998):

„– **32021 R 0255**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/255 frá 18. febrúar 2021 (Stjtið. ESB L 58, 19.2.2021, bls. 23).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66hf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005):

„– **32021 D 0996**: Framkvæmdarákvörðun C(2021) 0996 frá 19.2.2021.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/255, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 58, 19.2.2021, bls. 23.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.